

10. bekkur sviðslistir kennsluáætlun eftir áramót

Kennarar: Halldóra María Elíasdóttir

10

Markmið - Hvað ætlum við að læra?

Spuni, leikræn tjáning, vera góður áhorfandi, taka þátt í hópleikum o.fl.

Námsefni - Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Efni frá kennara.

Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum?

Spuni, leikræn tjáning, hópleikir o.fl.

Námsmat - Hvað og hvernig nám og vinna metin?

Símat, jafningjamat, sviðsframkoma, þátttaka o.fl.

Sviðslistir fyrir 8.- 10. bekk - Dans

- Samhæft tónlist og hreyfingu með góðri líkamsvitund og líkamsbeitingu og dansað mismunandi dansform sér til ánægju.
- Dansað fyrir framan áhorfendur með tilfinningu fyrir þáttum eins og túlkun, augnsambandi, rými, líkamsbeitingu og kurteisissenjum.
- Sýnt öryggi og færni til að dansa einn eða sem hluti af pari eða hópi.
- Valið milli ólíkra dansstíla, prófað sig áfram og tekið sjálfstæðar ákvarðanir í túlkunar og sköpunarferli út frá eigin þekkingu og leikni í dansi.
- Tekið þátt í skapandi vinnuferli í dansi, sett saman einfalt dansverk og valið umgerð við hæfi.
- Tjáð og túlkað hugmyndir sínar og rætt dans á gagnrýninn hátt, beitt við það viðeigandi orðaforða og sett það í menningar- og sögulegt samhengi.

Sviðslistir fyrir 8.- 10. bekk - Leiklist

- Unnið í hópi að fjölbreyttum leiklistarverkefnum.
- Nýtt sér leikmuni, búninga, einfaldan sviðsbúnað og tækni til þess að styrkja sköpun sína á markvissan hátt.
- Valið milli forma og stíls í eigin sköpun og rökstutt val sitt.
- Bæði veitt og tekið á móti uppbyggilegri gagnrýni og nýtt sér hana inn í vinnuferli í leiklist.
- Prófað sig áfram og valið úr túlkunarleiðum á mismunandi tegundum leiktexta.
- Skrásett og rökstutt eigið vinnuferli í leiklist.
- Valið milli mismunandi aðferða við sviðssetningu, bæði hvað varðar frásagnarform og leikstíl, prófað sig áfram og tekið sjálfstæðar ákvarðanir í sköpunarferlinu. Skrifað handrit að stuttu leikverki þar sem beitt er grunnreglum við uppsetningu leikhandrits fyrir svið og/eða myndmiðla.
- Túlkað leikpersónu á sviði í góðu samspili við meðleikara. Beitt rými, radd- og líkamsbeitingu á meðvitaðan hátt til þess að styrkja túlkun sína.
- Rökrætt leikið efni á sviði og í myndmiðlum á gagnrýninn hátt, beitt við það viðeigandi orðaforða og sett það að nokkru leyti í menningarlegt og sögulegt samhengi.